

16.01.2025



## Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.: Árshlutareikningur fyrir 1. mars 2024 til 30. nóvember 2024

Árshlutareikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir tímabilið 1. mars 2024 – 30. nóvember 2024 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi 16. janúar 2025.

Helstu niðurstöður árshlutareiknings fyrir þriðja ársfjórðung fjárhagsársins 2024 eru:

- **Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar hækkaði um 0,9% á þriðja ársfjórðungi 2024 miðað við sama tímabil 2023 og hækkaði framlegð um 0,4%**
- **EBITDA nam 1.160 millj. kr. samanborið við 1.390 millj. kr. á Q3 2023, sem jafngildir 16,5% lækkun milli ára.**
- **Hagnaður eftir skatta var 568 millj. kr. á Q3 2024 og lækkar um 22% frá fyrra ári.**

Helstu niðurstöður árshlutareiknings fyrstu 9 mánuði fjárhagsársins 2024 eru:

- **Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar jókst um 0,7% á fyrstu níu mánuðum fjárhagsársins miðað við sama tímabil 2023 og hækkaði framlegð um 0,8%**
- **EBITDA nam 3.872 millj. kr. á fyrstu níu mánuðum fjárhagsársins, samanborið við 4.479 millj. kr. sem jafngildir 13,6% lækkun milli ára.**
- **Útflutningur á Collab gengur samkvæmt áætlunum og voru 219 millj. kr. settar í verkefnið á tímabilinu.**
- **Hagnaður eftir skatta var 1.980 millj. kr. samanborið við 2.881 millj. kr. á fyrra ári. Hagnaður eftir skatta án einskiptisliða (hlutdeildartekjur vegna áhrifa af kaupum á meirihluta í Iceland Spring ehf.) lækkaði um 21% frá fyrra ári.**
- **Í október keypti Ölgerðin vöruhús við Köllunarklettsveg 6, undirbúningur að viðbyggingu er hafinn.**
- **Nettó vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingu voru 9.017 millj. kr. í lok Q3 2024 samanborið við 5.755 millj. kr. í lok árs 2023.**
- **Afkomuspá fyrir fjárhagsárið 2024 er óbreytt og gerir ráð fyrir EBITDA á bilinu 4,9 – 5,3 ma. kr.**

## Rekstur Q3 2024 (millj. kr.)

Rekstrarreikningur Q3 2024	Q3 2024	Q3 2023	Breyt.	% Breyt
Vörusala	11.314	11.217	97	1%
Áfengis- og skilagjald	2.899	2.790	108	4%
Vörunotkun	4.454	4.515	-61	-1%
Annar framleiðslukostnaður	207	171	35	21%
Framlegð	3.754	3.740	14	0%
Aðrar tekjur	9,4	16,6	-7,3	-44%
Laun og launatengd gjöld	1.331	1.211	119	10%
Sölu- og markaðskostnaður	681	613	68	11%
Annar kostnaður	592	543	49	9%
EBITDA	1.160	1.390	-229	-16%
Afskriftir	289	261	27	10%
EBIT	872	1.128	-257	-23%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	173	252	-79	-31%
Hagnaður fyrir skatta	698	876	-178	-20%
Tekjuskattur	130	148	-18	-12%
Hagnaður e skatta	568	728	-160	-22%

Vörusala á ársfjórðungnum hækkaði um 97 millj. kr. frá sama tímabili í fyrra, eða um 1%. Sala til hótela og veitingastaða jókst um rúm 6% milli ára, en samdráttur varð á sölu til stórmarkaða um tæp 4%. Góð aukning var einnig á sölu til fyrirtækja og ÁTVR á ársfjórðungnum.

Áfram hefur gengið vel að halda aftur af ýmsum kostnaðarþáttum á ársfjórðungnum. Í samanburði milli ára þarf að hafa í huga kostnað vegna markaðssetningar Collab erlendis. Áhrif Collab markaðssetningar erlendis á EBITDA þriðja ársfjórðungs eru 94 millj. kr.

Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага lækka um 79 millj. kr. milli ára og munar mest um 35 millj. kr. jákvæðan gengismun á ársfjórðungnum sem stafar af styrkingu íslensku krónunnar.

Efnahagsreikningur	30.11.2024	29.2.2024	Breyt.	% Breyt
Eignir	33.559	30.665	2.894	9%
Eigið fé	15.771	15.047	724	5%
Eiginfjárhlutfall	47,0%	49,1%	-2,1	
Vaxtaberandi skuldir og leigusk.	9.194	7.279	1.915	26%
Handbært fé	177	1.524	-1.347	-88%
Nettó vaxtaberandi skuldir og leigusk.	9.017	5.755	3.262	57%
EBITDA sl. 12 mán	4.897	5.504	-608	-11%
NIDB/EBITDA sl. 12 mán	1,8	1,0	0,8	

Nettó vaxtaberandi skuldir að viðbættri húsaleiguskuldbindingu voru 9.017 millj. kr. í lok ársfjórðungsins. Það er 3.262 millj. kr. hækkun frá lokum síðasta fjárhagsárs. Síðasta dag ársfjórðungsins bar upp á helgidag og gjalddagi hárra viðskiptakrafna eins og hjá ÁTVR komu til greiðslu í byrjun desember. Jafnframt fór launagreiðsla fyrir ágúst fram á tímabilinu en venjulega greiðast laun fyrsta vika dag næsta mánaðar. Þetta er sama staða og var uppi við lok Q2. Áhrifin af þessu voru yfir 1 ma. kr. sem þarf að hafa í huga þegar handbært fé, skuldastaða og staða viðskiptakrafna eru skoðaðar. Í júní var greiddur 1.419 millj. kr. arður til hluthafa og í maí voru seldir nýir hlutir fyrir 184 millj. kr. vegna kaupréttarsamninga. Í október var fjárfest í félaginu KK6 fasteignafélag ehf. (áður Á.Ó eignarhaldsfélag ehf.) fyrir um 1.550 millj. kr.

Meðalvextir skulda samstæðunnar í íslenskum krónum voru 10,5% þann 30. nóvember 2024.

## Rekstur 9 mán 2024 (millj. kr.)

Rekstrarreikningur 9 m 2024	9 m 2024	9 m 2023	Breyt.	% Breyt
Vörusala	35.286	35.052	234	1%
Áfengis- og skilagjald	9.116	9.013	103	1%
Vörunotkun	13.724	13.889	-165	-1%
Annar framleiðslukostnaður	687	490	197	40%
Framlegð	11.759	11.661	99	1%
Aðrar tekjur	27,4	40,0	-12,6	-32%
Laun og launatengd gjöld	3.891	3.564	327	9%
Sölu- og markaðskostnaður	2.232	1.946	286	15%
Annar kostnaður	1.792	1.712	80	5%
EBITDA	3.872	4.479	-608	-14%
Afskriftir	837	763	74	10%
EBIT	3.035	3.717	-682	-18%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	601	247	354	143%
Hagnaður fyrir skatta	2.433	3.470	-1036	-30%
Tekjuskattur	454	588	-135	-23%
Hagnaður e skatta	1.980	2.881	-902	-31%

### Vörusala

Velta samstæðunnar á fyrstu 9 mánuðum fjárhagsársins jókst um 234 millj. kr. eða um 1%. Sala til stórmarkaða og fyrirtækja stóð í stað á tímabilinu en lítilsháttar aukning var í sölu til hótela og veitingastaða.

Rekstrarumhverfi margra viðskiptavina Ölgerðarinnar hefur orðið erfiðara að undanfögnu og má m.a. rekja það til hækkana á aðföngum, launahækkana í síðustu kjarasamningum og minni

sölu. Viðskiptakröfur Ölgerðarinnar eru samt sem áður nokkuð traustar og er ekki útlit fyrir stór áföll.

Velta það sem af er fjórða ársfjórðungi fjárhagsársins er 1% hærra en á sama tímabili í fyrra.

## **Laun og launatengd gjöld**

Laun og launatengd gjöld námu 3.891 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum fjárhagsársins og hækkuðu um 327 millj. kr. milli ára eða 9,2%. Launahlutfallið á tímabilinu var 11,0% samanborið 10,2% á sama tímabili árið áður.

## **Rekstrargjöld**

Rekstrargjöld námu 4.024 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum fjárhagsársins og hækkuðu um 366 millj. kr. milli ára. Kostnaðarhlutfallið var 11,4% samanborið við 10,4% árið áður. EBITDA hlutfall á árinu var 11,0% samanborið við 12,8% árið áður.

## **Fjármagnsliðir og hlutdeildarfélög**

Hrein vaxtagjöld lækkuðu um 36 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum fjárhagsársins m.v. sama tímabil í fyrra og gengistap hækkaði um 17 millj. kr. milli ára.

Víxlaútgáfa hefur gengið samkvæmt áætlunum og viðtökur á markaði hafa verið góðar.

Í fyrra voru tekjufærðar 386 millj. kr. einskiptistekjur vegna hækkunar á hlut Ölgerðarinnar í Iceland Spring sem er nú orðið dótturfélag. Hlutdeildartekjur lækka því um 374 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum fjárhagsársins.

## **Iceland Spring**

Reksturinn á Iceland Spring á fyrstu 9 mánuðum fjárhagsársins var áfram mjög góður og í samræmi við áætlanir. EBITDA var 301 millj. kr. samanborið við 244 millj. kr. á sama tímabili 2023. Á árinu 2025 er stefnt að því að koma fram með fleiri vörunýjungar í dósum sem styrkja vöruframboð til viðskiptavina Iceland Spring enn frekar.

## **Collab útflutningur**

Sala á Collab í Danmörku hefur gengið samkvæmt áætlun. Undirbúningsvinna við markaðssetningu í Þýskalandi stendur yfir og áætlað er að hefja sölu á fyrri hluta næsta fjárhagsárs. Nú þegar liggja fyrir fyrstu samningar við sölu- og dreifingaraðila í norðvestur hluta Þýskalands.

Á þessu fjárhagsári er áfram gert ráð fyrir um 300 millj. kr. fjárfestingu vegna markaðssetningar Collab erlendis. Á fyrstu 9 mánuðum fjárhagsársins hefur verið fjárfest fyrir 219 millj. kr. Á árunum 2025 og 2026 er gert ráð fyrir áframhaldandi fjárfestingu sem nemur að lágmarki 300 millj. kr. hvort ár. Gert er ráð fyrir að frá og með árinu 2027 muni EBITDA áhrifin verða jákvæð.

## **Fjárfestingar**

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 1.092 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum fjárhagsársins að undanskildum kaupum á KK6 fasteignafélagi ehf. (áður Á.Ó.

eignarhaldsfélag ehf.) og voru í samræmi við áætlanir. Meðal fjárfestinga á þriðja ársfjórðungi var uppfærsla á framleiðslulínu fyrir bjórkúta ásamt því sem fjárfest var í tveimur rafmagnsvörubílum en reynslan af rekstri slíkra bíla í dreifingu Ölgerðarinnar hefur verið góð.

Fjárfestingar fjárhagsársins 2024 (fyrir utan kaupin á KK6 fasteignafélagi ehf.) eru áætlaðar 1.452 millj. kr sem er 209 millj. kr. hækkun frá því sem kynnt var við lok annars ársfjórðungs. Ástæða hækkunar er að mestu vegna innréttingar og búnaðar í vöruhúsið að Köllunarklettsvegi en áætlað er að það verði tekið í notkun í lok janúar.

„Ölgerðin heldur áfram að renna styrkum stoðum undir rekstur sinn, þó vissulega finnum við fyrir krefjandi ytri aðstæðum, eins og flest fyrirtæki. Vörusala á ársfjórðungnum jókst og munar þar mestu um betri sölu til hótela og veitingastaða, fyrirtækja og ÁTVR. Á ársfjórðungnum hélt vöxtur Iceland Spring áfram og framundan eru spennandi nýjungar sem munu styrkja vöruframboðið enn frekar. Markaðssetning Collab á erlendum mörkum gengur samkvæmt áætlunum og er nú áætlað að sala á Collab í Þýskalandi hefjist á fyrri hluta næsta fjárhagsárs, en þegar hefur verið gengið frá fyrstu samningum við sölu- og dreifingaraðila. Fjárfestingaráætlanir okkar hafa gengið eftir en á ársfjórðungnum uppfærðum við m.a. framleiðslulínuna fyrir bjórkúta og bættum að auki við tveimur rafmagnsvörubílum til dreifingar, en reynsla af rekstri slíkra bíla hjá Ölgerðinni hefur verið góð. Þá var fjárfest í nýju vöruhúsi við Köllunarklettsveg sem verður tekið í notkun undir lok þessa mánaðar. Undirbúningur að viðbyggingu er hafinn sem tvöfaldar rýmið og er stefnt að því að síðari helmingur vöruhúss verði tekinn í notkun á fyrri hluta næsta árs. Markmiðið með kaupunum er að bæta þjónustu samstæðunnar til viðskiptavina á sviði stóreldhúsa með því að sjá sjálf um hýsingu og tínslu á þeim vörum í stað útvistunar til þriðja aðila. Við horfum með bjartsýni til framtíðar, enda verkefnin næg og tækifærin svo sannarlega til staðar,“ segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.

#### **Nánari upplýsingar veita:**

**Andri Þór Guðmundsson, forstjóri, í síma 665-8010**

**Jón Þorsteinn Oddleifsson, fjármálastjóri í síma 820-6491**